



Viðtakandi: Menningar- og íþróttaráð
Sendandi: Menningarborgin

Reykjavík, 11. febrúar 2026

MIR26020005

TILLAGA

Tillaga: Starfshópur um menningarmerkingar

Lagt er til að stofnaður verði starfshópur um menningarmerkingar. Starfshópurinn skipa fulltrúar frá Listasafni Reykjavíkur, Reykjavík Bókmenntaborg UNESCO, Borgarsögusafni Reykjavíkur og umhverfis og skipulagssviði Reykjavíkur. Ábyrgðaraðili er safnstjóri borgarsögusafn.

Greinargerð:

Árið 2007 samþykkti menningar- og ferðamálaráð að hefja vinnu við menningarmerkingar í borgarlandi og var þá gerð kortlagning á þörf fyrir merkingar á sögustöðum í borginni. Í framhaldi var efnt til hönnunarsamkeppni um útlit skilta og var tillaga Finns Malmquist grafíks hönnuðar valin.

Uppsetning menningarmerkinga hófst árið 2009 í miðbæ Reykjavíkur og síðar í Viðey og svo víðar um borgina. Skiltin hafa reynst vel bæði hvað varðar hönnun, efnisval og endingu og hafa orðið sýnilegur og mikilvægur þáttur í miðlun menningararfs í Reykjavík. Á síðari árum hefur ábyrgð á gerð og uppsetningu menningarmerkinga einkum verið í höndum Borgarsögusafns og Umhverfis- og skipulagssviðs. Nú eru yfir 100 upplýsingaskilti í borgarlandinu, þar af um 70 sem falla undir menningarmerkingar, og reglulega berast nýjar tillögur um viðbætur. Þrátt fyrir það er ekki gert ráð fyrir sérstakri fjárveitingu til nýrra merkinga.

Áætla má að kostnaður við gerð og uppsetningu hvers skiltis sé um ein milljón króna. Þá er fjármagn til viðhalds og endurnýjunar takmarkað, en reglulega þarf að endurprenta og endurnýja filmur vegna veðrunar eða skemmda.

Með hliðsjón af vaxandi áhuga er þörf fyrir skýra stefnumótun. Því er lagt til að stofnaður verði starfshópur um menningarmerkingar.

Hlutverk hópsins verður að móta heildstæða stefnu fyrir menningarmerkingar í Reykjavík og byggja á þeim góða grunni sem þegar hefur verið lagður. Hópurinn skal leggja fram tillögur um hvaða staði sé æskilegt að merkja á komandi árum, setja fram viðmið um fjölda nýrra merkinga árlega, tryggja jafna og markvissa dreifingu þeirra um borgarlandið og skilgreina áherslur í efnisvali og miðlun.



Reykjavík



Jafnframt skal hópurinn gera tillögur um fyrirkomulag fjármögnunar, bæði hvað varðar framleiðslu nýrra skilta og viðhald þeirra sem fyrir eru, þannig að tryggt verði að merkingarnar haldi gæðum sínum og fræðslugildi til lengri tíma.

Virðingarfyllst,



Arnfríður S. Valdimarsdóttir
skrifstofustjóri
Menningarborgin
Menningar- og íþróttasvið



Reykjavík